



## UMHVERFISSTOFNUN

### Nánari upplýsingar:

- ▶ Efni um bann við akstri utan vega er á vef Umhverfisstofnunar [www.ust.is/natturuvernd/aksturutanvega](http://www.ust.is/natturuvernd/aksturutanvega).
- ▶ Vegagerðin gefur reglulega út kort um ástand fjallvega og lokanir í samvinnu við Umhverfisstofnun, sem má nálgast hjá ferðaþjónustuaðilum, verslunum og bensínstöðvum og á vefsíðunum [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) og [www.ust.is](http://www.ust.is).
- ▶ Upplýsingabrunnur Ferðamálastofu, [www.icetourist.is](http://www.icetourist.is).
- ▶ Á vef ferðaklúbbsins 4x4 eru upplýsingar um færð á vegum og gagnasafn klúbbsins um vegi og vegslóða, [www.f4x4.is](http://www.f4x4.is).
- ▶ Á vefsíðunni [www.motocross.is](http://www.motocross.is) er að finna leiðbeiningar um ábyrgan akstur torfæruhjóla.
- ▶ Á kortavef Landmælinga, eru m.a. upplýsingar um vegi, <http://atlas.lmi.is/kortaskjar/viewer.htm>.
- ▶ Reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands má nálgast á [www.ust.is/Adofinni/Frettir/nr/3173](http://www.ust.is/Adofinni/Frettir/nr/3173).

#### Umhverfisstofnun

Environment Agency of Iceland

Sudurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími: 591-2000

Fax: 591-2020

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

[ust@umhverfisstofnun.is](mailto:ust@umhverfisstofnun.is)



# ÁHRIF AKSTURS UTAN VEGA



UMHVERFISSTOFNUN

Margbrotin náttúra Íslands er eitt helsta aðdráttarafl okkar sem ferðumst um landið. Landið er víða viðkvæmt fyrir ágangi og gáleysislegur akstur getur valdið skemmdum á náttúrunni sem eru ár eða jafnvel áratugi að ganga til baka. Ferðumst um landið með virðingu fyrir íslenskri náttúru.

Íslenskur jarðvegur er eldfjallajarðvegur og mjög laus í sér. Þar af leiðandi mynda hjól farartækja auðveldlega djúp för í jarðveginn, hvort sem hann er gróinn eða ógróinn.

Mjög erfitt er að afmá skemmdir af völdum utanvegaaksturs. Ísland liggur rétt sunnan við heimskautsbaug þar sem vaxtartími gróðurs er stuttur og gróðurskemmdir geta verið áratugi að jafna sig. Sama á við um sanda og ógróin svæði þar sem skemmdir geta jafnvel verið enn lengur að hverfa en þar sem gróðurþekja hylur landið.

Hjólför raska ásýnd landsins auk þess sem þau verða að farvegi fyrir vatn og stuðla þannig að jarðvegs- og gróðurrofi auk frekari skemmda.

Hjólför utan vega geta haft keðjuverkandi áhrif og leitt til frekari utanvegaaksturs. Gætum þess að að aka ekki utan vega.

Akstur utan vega markar alltaf sár í náttúruna!



Ökum aldrei utan vega og merktra slóða!

Ökum aðeins vegi og merkta slóða en ekki utan þeirra. Göngum eða snúum við ef ekki er komist lengra akandi.

Breiklum ekki vegslóða. Ef vegurinn er slæmur, förum þá hægar yfir í stað þess að keyra út fyrir slóðann.

Öflum okkur upplýsinga um fyrirhugaða leið. Notum vegakort til að skipuleggja ferðalagið áður en lagt er af stað. Virðum árstíðabundnar takmarkanir á umferð um óbyggðir og hálendi og fylgjumst með tilkynningum um ástand vega.

Upplýsingar um ástand vega er m.a. að finna á vef Vegagerðarinnar eða í síma 1777.

Akstur utan vega er stranglega bannaður og varðar sektum eða fangelsi!

